

Starfsreglur endurskoðunarnefndar Íbúðalánasjóðs

1 Almennt

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar Íbúðalánasjóðs og skipuð af henni til að sinna tilteknum verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnarinnar í samræmi við IX. kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

2 Umboð og verksvið

2.1

Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilafæri, innra eftirliti og áhættustýringu ásamt eftirliti með störfum innri og ytri endurskoðanda sjóðsins eins og nánar er tilgreint hér á eftir og í samræmi við lög og reglur.

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi verkefni án takmörkunar á ábyrgð stjórnar:

- a. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- b. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringu.
- c. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings.
- d. Mat á óhæði ytri endurskoðanda og eftirlit með öðrum störfum þeirra.
- e. Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum og að ráðningu innri endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd skal hafa tíð samskipti við ytri endurskoðendur og innri endurskoðanda til að tryggja að brugðist verði tímanlega við ábendingum sem upp koma í störfum þeirra.
- f. Afmörkuð verkefni sem stjórn felur endurskoðunarnefnd á hverjum tíma.

2.2

Endurskoðunarnefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan Íbúðalánasjóðs til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt reglum þessum. Endurskoðunarnefnd hefur óheftan aðgang að ytri endurskoðendum, innri endurskoðanda, stjórnendum og þeim starfsmönnum sjóðsins eftir því sem nauðsynlegt er til að uppfylla skyldur sínar.

Að fengnu sérstöku samþykki stjórnar hefur endurskoðunarnefnd heimild til að leita sér utanaðkomandi ráðgjafar eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt þessar skyldur, enda rúmist það innan fjárhagsáætlunar sjóðsins.

2.3

Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin skal rýna þær upplýsingar sem stjórn fær um rekstur, stöðu, forsendur fjárhagsáætlunar og rekstrarhæfi sjóðsins. Nefndin skal meta hvort reikningsskilaaðferðir sem sjóðurinn notar og sem notaðar eru í samstæðu séu viðeigandi og samræmdar.

Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á því að til staðar sé kerfi sem tryggir upplýsingagjöf um gerð reikningsskila til nefndarinnar frá stjórnendum, ytri endurskoðendum og innri endurskoðanda.

Endurskoðunarnefnd skal reglulega skila skýrslu um störf sín til stjórnar og eigi sjaldnar en árlega.

Endurskoðunarnefnd skal tilkynnt um mikilvægar ákvarðanir sem teknar eru varðandi undirbúning og og gerð ársreiknings sem og vandamál sem upp kunna að koma við endurskoðun ársreiknings, þar með talið takmarkanir á verksviði eða aðgangi að umbeðnum upplýsingum.

2.4

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun sjóðsins samkvæmt lögum. Ríkisendurskoðun ræður ytri endurskoðanda, eftir atvikum í kjölfar útboðs um verkið. Þess er farið á leit við Ríkisendurskoðun í aðdraganda útboðs að endurskoðunarnefnd fái að koma að vali á ytri endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með óháði, hlutlægni og skilvirkni ytri endurskoðenda. Í þessu skyni fær endurskoðunarnefnd upplýsingar um önnur verkefni sem ytri endurskoðendum kunna að vera falin og tengjast ekki endurskoðuninni með beinum hætti.

Þá metur endurskoðunarnefnd a.m.k. árlega hæfi og sjálfstæði ytri endurskoðenda. Nefndin skal ennfremur hafa eftirlit með viðbrögðum stjórnenda við tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslum ytri endurskoðenda.

2.5

Endurskoðunarnefnd skal leggja mat á gæði og skilvirkni innri endurskoðunar. Nefndin veitir stjórn umsögn um ráðningu og uppsögn innri endurskoðanda. Sé verkefnið boðið út hefur endurskoðunarnefnd umsjón með útboðsferlinu og leggur tillögur sínar fyrir stjórn. Endurskoðunarnefnd getur falið starfsmönnum Íbúðalánasjóðs undirbúning og framkvæmd útboðsins.

Nefndin skal yfirfara störf innri endurskoðunar og skipulag, ásamt því að meta fjárhagslegt svigrúm, hæfni og fagleg úrræði.

Nefndin skal ennfremur hafa eftirlit með viðbrögðum stjórnenda við tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslum innri endurskoðanda.

3 Skipan

Stjórn Íbúðalánasjóðs skipar nefndarmenn og formann endurskoðunarnefndar. Nefndarmenn skulu skipaðir eigi síðar en mánuði eftir að ný stjórn Íbúðalánasjóðs tekur til starfa. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og stjórnarinnar. Stjórn getur þó breytt skipunartíma nefndarinnar.

Endurskoðunarnefndin skal skipuð þremur mönnum hið minnsta. Nefndarmenn skulu vera óháðir ytri endurskoðendum og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður Íbúðalánasjóði, stjórnendum og öðru starfsfólki sjóðsins.

Sérhver nefndarmaður skal hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði endurskoðunar og reikningsskila.

4 Fundir

Formaður boðar til funda eftir þörfum, ákveður dagskrá og stýrir fundum nefndarinnar. Það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnendur, innri endurskoðandi eða ytri endurskoðendur séu viðstaddir fundi nefndarinnar. Komi fram ósk nefndarmanns, stjórnar, stjórnenda, innri endurskoðanda eða ytri endurskoðanda um fund í nefndinni ber að verða við því.

Á dagskrá funda nefndarinnar skulu vera mál sem berast nefndinni auk mála sem nefndarmenn hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði hennar.

Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá.

Endurskoðunarnefnd skal hið minnsta einu sinni á ári eiga fundi með æðstu stjórnendum, innri endurskoðanda og ytri endurskoðendum til að ræða þau mál sem heyra undir verksvið nefndarinnar.

Auk þess skal nefndin funda reglulega með ytri endurskoðendum og viðkomandi stjórnendum til að fara yfir niðurstöður uppgjóra og viðeigandi skýrslna. Nefndin getur boðað alla stjórnendur eða annað starfsfólk, eða þriðja aðila, á sinn fund eftir því sem hún telur viðeigandi og nauðsynlegt vegna verkefna sinna. Nefndin skal hitta innri og ytri endurskoðendur að lágmarki einu sinni á ári án þess að stjórnendur séu viðstaddir.

Færa skal fundargerð af öllum fundum nefndarinnar. Skal hún lögð fram til samþykktar á næsta fundi og sendar ritara stjórnar og regluverði til varðveislu.

5 Trúnaður, hæfi og þóknun

Nefndarmenn eru bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu um öll störf sín á vegum nefndarinnar. Öll gögn sem aflað er vegna vinnu nefndarinnar skulu nefndarmenn fara með sem trúnaðargögn.

Nefndarmaður skal almennt sjálfur meta hæfi sitt og upplýsa aðra nefndarmenn um það. Ef vafi leikur á um hæfi skulu aðrir nefndarmenn taka endanlega afstöðu til hæfis. Nefndarmönnum er óheimilt að fjalla um mál þar sem þeir eru vanhæfir vegna tengsla við mál eða aðila.

Nefndarmanni er hvenær sem er heimilt að segja starfi sínu lausu. Þá er meirihluta stjórnar sjóðsins heimilt að víkja nefndarmanni úr nefnd án rökstuðnings og án fyrirvara ef þurfa þykir.

Stjórn Íbúðalánasjóðs ákveður þóknun til nefndarmanna.

6 Annað


Stjórn og stjórnendur geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnaefni er varða Íbúðalánasjóð.


7 Gildistaka og endurskoðun


Reglur þessar taka gildi við samþykki stjórnar Íbúðalánasjóðs.


Að minnsta kosti árlega skal endurskoðunarnefnd meta skilvirkni sína ásamt því að yfirfara starfsreglur þessar. Endurskoðunarnefnd leggur til við stjórn viðeigandi breytingar á starfsreglum er varða verkefni og hlutverk nefndarinnar.


Reglur þessar voru samþykktar á 439. fundi stjórnar Íbúðalánasjóðs, þann 07.10.2015.


Ingibjörg Olaf Vilhjálmsdóttir


Drífa Snædal


Haukur Ingibergsson


G. Valdimar Valdemarsson


Hermann Jónasson